

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



<b>Dags eftirlits</b>	14.8.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Langanesbyggð Bakkaf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Helga Hreinsdóttir
<b>Heimili</b>	Fjarðarvegi 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	42369-1749	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Unnsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Elías Pétursson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni og varða þau eldri úrgangur og mikið magn hluta sem er í geymslu innan urðunarsvæðisins. Ein athugasemd er gerð og varðar hugsanleg áform um nýtingu svæðisins. Ekki var fokefni við urðunarrein og heimilisúrgangur var vel þakinn jarðvegi.

### UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn er útrunnið, sveitarfélagið hefur sótt um og fengið undanþágu frá ráðherra til að starfrækja urðunarstaðinn án starfsleyfis. Skilyrði eru að farið verði eftir ákvæðum starfsleyfis frá árinu 2002, lögum og reglum sem um málaflokk gilda og að ekki verði urðað á því svæði sem næst er íbúðabyggð.

Eftirlitsferðin var farin án fyrirvara og vegna kvörtunar sem barst til Umhverfisstofnunar um að inn á urðunarsvæðið væri fluttur úrgangur sem ekki ætti að urða. Ekið var á staðinn og haft símsamband við sveitarstjórnarskrifstofuna á Þórshöfn, sem benti á Unnstein Árnason, verktaka sem sér um urðunina til fylgdar um svæðið. Unnsteinn brást við og hitti eftirlitsmann við innaksturshlið innan 10 mínútna frá því að hringt var í hann.

Í eftirlitsferðinni var urðunarstaðurinn skoðaður en ekki var farið yfir ákvæði starfsleyfis eða fundað með starfsleyfishafa.

Skv. upplýsingum frá Unnsteini hefur úrgangur aðeins einu sinni verið urðaður á Bakkafirði frá þeim tíma þegar hætt var að taka við úrgangi frá Langanesbyggð á urðunarstaðnum á Vopnafirði í júlí sl. Nýlega var nokkuð magn heimilistækja flutt af svæðinu.

Hlið var læst við aðkomu og girðingar í góðu lagi. Ekki var fokefni í girðingum.

Gengið var um urðunarstaðinn, þ.e. þann hluta hans sem nú er notaður undir úrgang. Urðunarrein er aðeins ein og er hún ofarlega í landinu. Engin ummerki voru úrgangur upp úr jarðvegi eða fokefni við urðunarreinina. Áformað verklag er þannig að tekin er 3-4 m djúp hola, úrgangur losaður í hana og jarðefni sett yfir. Næsti farmur úrgangs lagður þar ofan á o.s.frv. þar til jarðvegur er kominn í hæð.

Við urðunarholuna var hrúga af brúsum undan efnavöru og einnig rúmlega 10 olíusúr á bakka, sem verktaki hafði fjarlægð úr farmi af úrgangi sem barst inn á svæðið. Aðspurður sagði verktaki að þessi varningur hafi verið hulinn öðrum úrgangi og ekki sést fyrr en búíð var að losa af flutningstæki. Hann hafi því tínt þetta úr úrganginum áður en jarðvegur var lagður yfir.

Á gámavellinum var gámur til að setja pappa í og var vel flokkað í þann gám.

Neðan við urðunarreinina var mikið af hlutum í geymslu á svæðinu, flutningabíll, bílhræ og bílhlutar, heimilistæki, timbur, netahrúga o.fl. Á svæðinu voru einnig allmargir sekkir af kalíumklóríði sem ber að skila til spilliefnamóttöku.

Fyrir nokkru afmarkaði sveitarfélagið geymslusvæði með girðingu og áformað var að leigja þar

geymslupláss fyrir aðila sem ekki höfðu lóðir til að geyma verðmæti. Portið er enn til staðar, en er opið og innan girðingarinnar eru hlutir, aðalleg málmar, sem hafa dagað uppi.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

##### Gr. 1.1 í starfsleyfi

Gerð er aths. við geymslu ónyttjahluta á urðunarsvæðinu. Ekki er um að ræða heimild til langtímageymslu efna og hluta á svæðinu, heldur til urðunar á neyslu- og rekstarúrgangi skv. gr. 1.1 í starfsleyfi frá árinu 2002.

##### Gr. 2.2 í starfsleyfi

Ekki er heimilt að taka við spilliefnum á urðunarsvæðinu. Slíku skal komið tafarlaust til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.

#### ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við geymslu og móttöku á flokkuðum úrgangi. Ef áform eru um að nota hluta urðunarstaðarins til móttöku og geymslu á flokkuðum úrgangi ætta að sækja um leyfi til þeirrar starfsemi.

#### ANNAÐ


Í samtali við fylgdarmann kom fram að áform eru um að urða heimilisúrgang frá íbúum sveitarfélagsins tvisvar í mánuði. Einnig að tvisvar í mánuði séu áform um að taka á móti úrgangi frá íbúum til urðunar ef á þarf að halda.

Í skoðun er að hafa urðunarstaðinn opinn einn dag í viku, þannig að íbúar geti komið með úrgang til flokkunar og/eða urðunar þegar starfsmaður er á staðnum til að leiðbeina um flokkun.

Reykjavík, 28.08.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir